

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. febrúar 2013
Tilvísun: UST20121000024/há

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, iðnaðarsvæði á Bíldudal.


Umhverfisstofnun vísar í erindi Vesturbyggðar dags 3. október s.l. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna iðnaðarsvæðis á Bíldudal.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að uppfylla stefnu aðalskipulagsins um að efla iðnað í sveitafélaginu og hafa ávalt gott framboð af iðnaðarlóðum í sveitafélaginu. Einnig að endurskilgreina núverandi landnotkun þar sem mörk iðnaðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota hefur tekið breytingum.

Í greinargerð segir að ástæður breytingarinnar séu til að festa í sessi geymslusvæði fyrir brotajárn, að koma fyrir gámaplani og færslu á steypustöð. Einnig að tryggja nægjanlegt framboð af iðnaðarlóðum og lóðum fyrir hesthús á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna iðnaðarsvæðis á Bíldudal.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur